

FUNDARGERÐ - DVALARHEIMILI ALDRAÐRA sf (DA) Í ÞINGEYJARSÝSLUM

Stjórnarfundur númer 4 / 2022.

Haldinn föstudaginn 7 október 2022 kl. 14:00 í fundarsal HSN á Húsavík.

Nefndarmenn:

Sigurður Böðvarsson, Aðalsteinn J. Halldórsson, Bergur Elías Ágústsson, Helena Eydís Ingólfssdóttir, Áki Hauksson.

Framkvæmdastjóri:

Jón Helgi Björnsson

Starfsmenn:

Áslaug Halldórsdóttir - HSN, Hróðný Lund – félagsmálastjóri Norðurþings kom á fundinn undir lið 3 og 4.

Dagskrá

1. Rekstur og starfsemi DA sf

Áslaug fór yfir stöðu starfseminnar ásamt nokkrum lykiltölum. Staða mála í dag eru sú DA er að þjónusta 34 hjúkrunarrými (32 almenn hjúkrunarrými, 2 hvíldarrými), 7 dvalarrými og 23 dagvistarrými (13 á Húsavík, 6 í Stórumörk á Kópaskeri, 4 í Vík á Raufarhöfn). Samanlagður fjöldi einstaklinga á biðlista eftir varanlegu rými er 14.

Jón Helgi fór yfir helstu tölur rekstrar fyrstu 8 mánuði ársins, ljóst er að rekstur er strembinn, ekki eru veruleg nettó frávik frá áætlun ársins.

2. Framkvæmdir og viðhald á yfirstandandi ári

Gögn verða lögð fyrir á næsta stjórnarfundum.

3. Mögulegt samstarfsform við félagsþjónustu Norðurþings um þjónustu við skjólstæðinga

Stjórn samþykkir að Hróðný og Áslaug leggi fram drög að samstarfssamning um sameiginleg verkefni sem lagður verður fyrir stjórn á næsta fundi til afgreiðslu.

4. Endurskoðun á rekstrarformi hjúkrunarrýma / dvalarrýma / dagvistunarýma

Stjórn felur framkvæmdastjóra og stjórnarformanni að ganga til samninga við Heilbrigðisráðuneytið um rekstur hjúkrunarrýma / dvalarrýma. Stefnt er á að leggja fram drög að samningi á næsta stjórnarfundum til afgreiðslu.

Stjórn samþykkir að óska eftir viðræðum við Norðurþing um yfirtöku á dagþjálfunarrýmum og felur stjórnarformanni og framkvæmdastjóra framgang málsins. Tekið aftur fyrir á næsta fundi stjórnar.

5. Fjárhags- og viðhaldsáætlun fyrir 2023

Framkvæmdastjóra falið að hefja gerð fjárhags og viðhaldsáætlun fyrir árið 2023. Farið verður nánar yfir málið á næsta fundum.

6. Greinargerð / vinnuskjal stjórnarformanns um starfsemi og áskoranir DA (frá síðasta fundi).

Lagt fram.

7. Starfsáætlun stjórnar – til umræðu

Lögð fram og tekinn til frekar umræðu á næsta fundi stjórnar.

Fundi slitið kl. 15:50.

Fundargerð ritaði Bergur Elías Ágústsson